

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

3588-004-MIN-001-V01

DAGS.

06.09.2023

SENDANDI

Jón Skúli Indriðason

VERKHEITI

Jarðvatns- og lekamál á Siglufirði tengd snjóflóðavarnargörðum

VERKKAUPI

Fjallabyggð

DREIFING

Ármann Viðar Sigurðsson (Fjallabyggð)
Elísabet Pálmadóttir (Umhverfissráðuneyti)
Hafsteinn Pálsson (Umhverfissráðuneyti)
Marínó Stefánsson (FSRE)

MÁLEFNI

Skoðun 2023

Inngangur

Á árunum 2003-2007 voru reistir snjóflóðavarnargarðar ofan við byggðina á Siglufirði. Um var að ræða 5 leiðigarða sem náðu nánast endanna á milli í bænum auk eins leiðigarðs nyrst í bænum. Á árunum eftir að garðarnir voru fullgerðir tóku að berast kvartanir frá íbúum víðsvegar um bæinn þar sem kvartað var yfir að bleyta væri í lóðum eða leki í húsum, sem ekki átti að hafa verið þar áður. Fjallabyggð fékk EFLU verkfræðistofu til að skoða hvert einstakt tilfelli og hvort rekja mætti það til áhrifa frá varnargörðunum og var skýrsla þar um skilað í ársbyrjun 2016. Síðan þá hafa sveitarfélaginu af og til borist kvartanir af svipuðum toga núna síðast á þessu og síðasta ári. EFLA verkfræðistofa var fengin til að skoða þessi síðustu mál og fer hér á eftir stutt minnisblað um þau.

Vettvangsferð og skoðun

Farið var á vettvang þann 24.7 sl. Viðstaddir voru Ármann Viðar Sigurðsson frá Fjallabyggð, Hafsteinn Pálsson frá Umhverfissráðuneyti og Jón Skúli Indriðason frá EFLU. Eftirfarandi lóðir og byggingar, sem hafa sent inn erindi/kvörtun til sveitarfélagsins, voru skoðaðar:

- Fossvegur 9
- Fossvegur 11
- Fossvegur 13
- Fossvegur 15
- Fossvegur 31
- Hafnartún 6
- Síldarminjasafnið (Bátahúsið)

Hér á eftir verður fjallað um hvert tilfelli fyrir sig.


Umfjöllun

Fossvegur 9

Lóðin að Fossvegi 9 var til umfjöllunar í skýrslu EFLU frá 2016. Þar var tekið undir þau sjónarmið eigenda að bleytu í lóðinni mætti að einhverju leyti rekja til framkvæmdanna við varnargarðana nokkrum árum áður. Gerðar voru tillögur til úrbóta og er eftirfarandi tekið beint úr skýrslunni, ásamt myndinni sem sýnd er á mynd 1:

Grafa þarf framhald af táskurði garðs 4 út í Hvanneyrará. Setja þarf ræsi undir Hólaveg og gæta þess að skurðurinn sé með nægjanlegum langhalla til þess að viðhalda rennslinu.

Þá er lagt er til að grafinn verði drenskurður efst á lóðamörkunum í það minnsta 3 m djúpur og fylltur af 3/4 hlutum með drengrjóti, svo ekki taki mörg ár að þurrka lóðina. Hugsanlegt er að það þurfi að fleyga skurðinn ofan í klöppina. Mælt er með að hafa jarðvegsdúk milli drengrjótsins og fínefnis í skurðstæðinu. Gæta skal að því að rennsli út í Hvanneyrará sé tryggt.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Fossvegi 9 úr skýrslunni frá 2016.

Það er skemmst frá því að segja að ekkert af þeim aðgerðum sem lagðar voru til voru framkvæmdar. Því er rétt að áður en lengra er haldið þá verði farið í það að framkvæma samkvæmt þeim tillögum. Þær aðgerðir ættu að vera nægilegar til að leysa vandamálin sem tengjast Fossvegi 9 og þangað til þeim er lokið er ekki hægt að fullyrða meira um málið.

Ofan við Hólaveg þar sem drenskurður frá garði endar virðist liggja rör út í Hvanneyrará. Kanna þarf hvort þetta rör liggur yfirleitt þangað en enginn rörendi var sýnilegur ofan brúarinnar. Einnig þarf að kanna hvort þetta rör er að virka.

Fossvegur 11, 13 og 15

Sveitarfélaginu barst sameiginlegt erindi frá eigendum þessara lóða og Fossvegar 9. Skoðaðar voru aðstæður á þessum lóðum. Lóðirnar eru allar að einhverju leyti grafnar inn í bakkann þ.e. efri hluti þeirra. Lóðirnar virkuðu flestar frekar þurrar við vettvangsskoðun. Drenlagnir virtust vera í bakkanti lóðanna allra. Þær virtust þó ekki liggja mjög djúpt. Myndir 3 og 4 hér fyrir neðan sýna aðstæðurnar á lóðunum við skoðunina.



Mynd 2: Horft eftir lóðamörkunum á Fossvegi 11 í átt að Fossvegi 13. Lóð virðist tiltölulega þurr.



Mynd 3: Horft eftir lóðamörkunum á Fossvegi 13 í átt að Fossvegi 15. Drenlagn í yfirborði.

Það er metið svo að þessar lóðir séu ekki á áhrifasvæði þeirra aðgerða sem lagðar eru til fyrir Fossveg 9 og ekki er hægt að sjá að það sem er metið að sé að gerast á Fossvegi 9 sé að hrjá þær. Þær liggja allar innan en Fossvegur 9. Baklóðir þessara húsa eru einnig grafnar inn í bakkann og því ekki ólíklegt að vatn hafi áður leitað þar út. Á það skal einnig bent að drenlagnirnar í kverkinni þurfa að liggja á a.m.k einhverju dýpi eigi þær að virka sem skyldi og það er nauðsynlegt að hreinsa þær með reglulegu millibili og þá þarf að vera gott aðgengi í þær um hreinsistúta sem ná upp að yfirborði.

Niðurstaða skoðunar er sú að ekki eigi það sama við um lóðirnar á Fossvegi 11-15 og Fossveg 9 og að ekki sé greinilegt orsakasambandi milli framkvæmda við gerð snjóflóðavarnargarða og bleytu í lóðunum.

Fossvegur 31

Fossvegur 31 liggur nærri nyrðri endanum á Fossveginum. Í skýrslunni frá 2016 voru teknar fyrir lóðirnar við Fossveg 33 og 35, þ.e. næstu tvær lóðir fyrir utan Fossveg 31. Niðurstöður þeirrar athugunar var að bleytu á lóðinni mætti ekki rekja til vatns frá varnargörðunum heldur var uppspretta ofar á svæðinu, sem ekki var beislud nægilega vel þ.a. vatn úr henni rann niður að fyrrgreindum lóðum. Það var samt metið að hugsanlegt væri að vatnsrennsli í

lindinni hefði aukist við gerð varnargarðanna. Farið var í aðgerðir sem á endanum skiluðu sér í því að bleytuvandamál á efri hluta lóðanna er ekki lengur til staðar.

Lóðin að Fossvægi 31 liggur innar og lengra frá áhrifasvæði umræddrar lindar en lóðirnar utan við sem áður eru nefndar. Einnig liggur sá hluti sem kvartað er yfir að sé of blautur mun ofar en efri hluti lóðanna sem utar liggja eða þannig að efsti hluti hluti hans er ekki langt fyrir neðan hæð á þakskeggi efri hæðar hússins. Það er því metið svo að þá bleytu sem vart er við á efsta hluta lóðarinnar sé ekki hægt að rekja til sömu ástæðna og fyrir næstu lóðir fyrir utan.

Við vettvangsskoðun sást drenskurður sá sem nefndur er í erindi íbúa. Sjá má myndunum hér fyrir neðan að það liggur vatn efst í honum á kafla. Það er því ljóst að hann er ekki að virka sem skyldi. Til að ná betri virkni í hann þyrfti hann líklega að vera dýpri og drenlögn í botni hans mundi líka hjálpa til.



Mynd 4: Hér sést ofan á yfirborðið á drenskurðinum sem liggur efst í lóðinni. Vatn liggur efst í skurðinum.



Mynd 5: Vatn sést greinilega efst í skurðinum. Hann er því væntanlega ekki að virka sem skyldi.

Niðurstaða skoðunar er sú að ekki sé hægt að tengja bleytu í lóð við framkvæmdir við gerð snjóflóðavarnargarðanna á sínum tíma eða þær ástæður sem gefnar voru upp í skýrslunni frá 2016 fyrir næstu lóðir fyrir utan.

Hafnartún 6

Hafnartún 6 liggur í suðurhluta bæjarins. Það liggur innan við innsta þvergarðinn þ.e.a.s ef dregin er lína þvert á hæðarlínur lands upp eftir hlíðinni frá húsinu. Lóðin er ekki ein af þeim sem voru til skoðunar í skýrslunni frá 2016. Því er ekki ljóst hvenær vatnsrennsli ofan við hús varð vandamál.

Lóðin á lóðamörk að vestanverðu (bakatil) að lóðunum sem liggja neðan Laugavegar (næstu götu fyrir ofan Hafnartún). Vegna halla lands þá er nokkuð hár stallur – hátt í 2m - á lóðamörkunum þar sem hæðarmunurinn er tekinn upp. Veruleg bleyta er á hluta þessa svæðis á milli efri brúnar stalls og húss og virðist hún koma út úr ákveðinni rás í fláanum. Myndir 6 og 7 hér fyrir neðan sýna aðstæðurnar á svæðinu. Að sögn íbúa hefur einnig verið leki inn í kjallara hússins á þessu svæði. Ekki kom fram hvort að drenlagnir lægju meðfram bakhlið hússins en séu þær til staðar þá er virkni þeirra sennilega lítil.



Mynd 6: Hér sést fláinn á milli lóðanna og rásin sem vatnið virðist koma úr.



Mynd 7: Hér sést svæðið ofan húss neðan við fláann. Sjá má all nokkra bleytu.

Ekki er sýnilegt neitt orsakasamhengi á milli framkvæmdanna við snjóflóðavarnargarðana og bleytunnar í lóðinni. Lóðin liggur eins og áður segir innan við svæði þvergarðanna og langt fyrir neðan það. Þekkt er að grunnvatn í skriðujarðvegi ferðast að jafnaði eftir sérstökum rásum neðanjarðar og það geta orðið breytingar á rennslisleiðum þess án þess að nokkuð þurfi að koma til. Á lóðunum neðan Laugarvegjar liggur fráveitulögn samsíða götunum. Mögulega ferðast vatn eftir þeim skurði í vatnsleiðandi fyllingu næst rörunum og kemur út þarna.

Kjallari hússins er á þessari hlið alveg niðurgraffinn. Til að hindra leka inn í hann þyrfti að koma fyrir drenlögn helst neðan við neðstu plötu hússins og ganga frá upp að yfirborði þ.a. ekki geti myndast þar vatnsuppistöður. Til að losna við vatnið af yfirborðinu þarf að grafa inn í fláann og reyna að finna hvaðan vatnið kemur. Ef mögulegt, þá þarf að beisla sem mest af vatninu og leiða það fram hjá húsinu.

Niðurstaða skoðunar er sú að ekki sé hægt að tengja vatn í bakkanti lóðar við framkvæmdir við snjóflóðavarnargarðana á sínum tíma.

Síldarminjasafnið (Bátahúsið)

Bátahúsið er nyrsta byggingin af þeim sem hýsa Síldarminjasafnið á Siglufirði og stendur beint neðan undir þar sem koma saman Hafnargata og Laugarvegur. Húsið var byggt á árunum 2003-2004 og vígt sumarið 2004. Samkv. uppl. frá sveitarfélaginu hefur vatnsstreymi undan fláanum neðan við vegina/götturnar sem liggja ofan við húsið verið vandamáli. Farið hefur verið í aðgerðir sunnan við húsið til að beisla vatnið og beina því í ofanvatnskerfi bæjarins. Á milli Bátahússins og næsta húss við hliðina er gamalt steipt plan sem liggur mun lægra en svæðið í kring og þar hefur safnast vatn í vætutíð. Myndir 8 og 9 hér fyrir neðan sýna þessar aðstæður.



Mynd 8: Uppi í fláanum hefur verið settur safnbrunnur og vatn leitt frá honum að bæjarkerfinu.



Mynd 9: Horft frá kantinum á Hafnargötu niður fláann. Bátahúsið er til vinstri á myndinni. Svæðið á milli húsanna er lægra en umhverfið.

Það er ekki að sjá neitt beint orsakasambandi á milli snjóflóðavarnargarðanna og bleytunnar sem kemur út undan fláanum. Húsið er langt fyrir neðan garðana og alveg niðri við sjó í ca. 2-3m hæð yfir sjávarmáli. Það er ekki ólíklegt að bleyta hafi komið undan þessum fláa alla tíð en þarna endar hliðin og eyrin/uppfyllingar byrja.

Ef svæðið er skoðað frá kantinum á Hafnartúninu og niður þá má sjá að fláinn er áberandi þynnstur ofan við svæðið þar sem vatnið kemur út úr honum. Það er líkt og að úr honum hafi jafnvel skriðið einhvern tíma áður. Það má einnig benda á að í Hafnargötunni er lagnaskurður sem leitt getur grunnvatn betur en skriðujarðvegurinn í kring og það er hugsanlegt að vatnið sé að koma út úr þeim skurði.

Ef skoðuð er loftmynd frá árinu 1983 má sjá að bleyta virðist koma undan fláanum á nánast sama stað og farið var í aðgerðirnar til að beisla rennslið sbr. mynd 8. Úrklippu úr þessari loftmynd má sjá á mynd 10 hér fyrir neðan. Það má því álykta að þarna hafi bleyta verið til staðar áður.



Mynd 10: Úrklippa úr loftmynd frá 1983. Sjá má að bleyta virðist koma undan fláanum.

Til að finna út hvaðan vatnið er að koma þarf að grafa inn í fláann og jafnvel inn í götuna þar sem það er að koma út. Síðan þarf að reyna að beisla sem mest af vatninu og beina því áfram í kerfi bæjarins. Það getur verið að það þurfi að svera upp þær lagnir sem þegar hafa verið lagðar.

Niðurstaða skoðunar er sú að ekki sé hægt að tengja vatn sem kemur út úr fláa í bakkanti lóðar Bátahússins við framkvæmdir við snjóflóðavarnargarðana á sínum tíma.